

**Sp.**

**106. Tillaga til þingsályktunar**

[93. mál]

um eflingu innlendra skipasmíða.

Flm.: Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja eðlileg stofnlán til smíði fiskiskipa innanlands, er stefni að því, að fiskiskipafloti landsmanna verði í vaxandi mæli smíðaður hérlandis, og skapi um leið stórum bætta aðstöðu innlendu skipasmíðastöðvanna til að framkvæma allt viðhald og endurbætur á fiskiskipaflotanum.

**Greinargerð.**

Á síðustu árum hefur orðið verulegur samdráttur í skipasmíðum innanlands, en á sama tíma hafa smíðar íslenzkra skipa erlendis aukizt verulega. Hér ræður mestu, að erlendar skipasmíðastöðvar bjóða almennt 70% af byggingarkostnaði fiskiskipa að láni til nokkurra ára, en innanlands er ekki fyrir hendi nægilegt fjármagn, og hafa því innlendar skipasmíðastöðvar orðið að lúta í lægra haldi í samkeppninni við hinar erlendu skipasmíðastöðvar.

Nokkrar skipasmíðastöðvar hér á landi hafa þrátt fyrir þetta haft næg verkefni við viðgerðir skipa, en aðrar hafa ekki haft nægileg verkefni allt árið, því að viðgerðir og slíptökur eru að langmestu leyti starfræktar vor og haust. Þetta hefur gert það að verkum, að á sumum stöðum hefur orðið verulegur samdráttur í skipasmíðaiðnaðinum, og ef þessi óheillaþróun heldur áfram, fer svo, að nauðsynlegt viðhald og endurbætur á skipum verður ekki framkvæmanlegt hér á landi á þeim stutta tíma á milli vertíða vor og haust, sem almennt er til þess ætlaður.

Til þess að koma í veg fyrir samdrátt í þessari iðn þurfa allar innlendar skipasmíðastöðvar að hafa næg verkefni árið um kring, og er það bezt tryggt með því að greiða fyrir skipasmíðum innanlands, til þess að nýbyggingar verði framkvæmdar á þeim tímum árs, sem vinna við viðhald skipa er minnst. Jafnframt er það metnaðarmál okkar Íslendinga, að sem mest verði smíðað af skipum í landinu, og skiptir það miklu máli framtíð og þróun fjölmargra annarra iðngreina en skipasmíði.

Með flutningi þessarar tillögu er stefnt að því að auka skipasmíði innanlands og koma í veg fyrir frekari samdrátt í þessari mikilvægu iðngrein.